


BORGARRÁÐ 22.12.'16: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hvernig áætlað sé að takast á við vaxandi umferðapunga - R16120115

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir furðu á ummælum formanns umhverfis- og skipulagsráðs yfir umferðarmálum í Reykjavík sem lesa má í Morgunblaðinu í dag. Má af þeim ummælum skilja að óþarfi sé að gera bragarbót á umferðarmannvirkjum í Reykjavík vegna þess að þau séu svo mikið notuð af ferðamönnum. Borgarráðsfulltrúar

Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvað meirihluti Pírata, Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna hyggst gera til að takast á við sívaxandi umferðarþunga á götum Reykjavíkur, sérstaklega helstu flutningsæðum. Sérstaklega er verið að spyrja um hvað á að gera varðandi umferð einkabíla sem er yfir 80% af heildarumferðinni. Tilefni er til að spyrja um þetta eftir gagnrýni vegamálastjóra á að þótt fjármagn sé til staðar af hálfu ríkisins til að bæta umferðarmannvirki s.s. á mótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar þá heimilar meirihlutinn ekki slíkar framkvæmdir þótt þær geti bætt umferð verulega.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík 25.04.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. febrúar 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hvernig áætlað sé að takast á við vaxandi umferðapunga.

Á fundi borgarráðs 22. desember 2017 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn um hvernig áætlað sé að takast á við vaxandi umferðapunga. "Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir furðu á ummælum formanns umhverfis- og skipulagsráðs yfir umferðarmálum í Reykjavík sem lesa má í Morgunblaðinu í dag. Má af þeim ummælum skilja að óþarfi sé að gera bragarbót á umferðarmannvirkjum í Reykjavík vegna þess að þau séu svo mikið notuð af ferðamönnum. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvað meirihluti Pírata, Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna hyggst gera til að takast á við sívaxandi umferðapunga á götum Reykjavíkur, sérstaklega helstu flutningsæðum. Sérstaklega er verið að spyrja um hvað á að gera varðandi umferð einkabíla sem er yfir 80% af heildarumferðinni. Tilfni er til að spyrja um þetta eftir gagnrýni vegamálastjóra á að þótt fjármagn sé til staðar af hálfu ríkisins til að bæta umferðarmannvirki s.s. á mótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar þá heimilar meirihlutinn ekki slíkar framkvæmdir þótt þær geti bætt umferð verulega. Einnig lagt fram svar fulltrúa meirihluta umhverfis- og skipulagsráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Herdís Þorvaldsdóttir, þakka meirihlutanum fyrir að hafa tekið saman á eitt A4 blað yfirlit yfir samninga og stefnur sem ætlað er sem svar við fyrirspurn um hvernig meirihlutinn hyggst takast á við vaxandi umferðapunga. Þó verður að segjast að svar meirihlutans svarar engu efnislega um það sem spurt er um. Spurningin er um hvernig meirihlutinn hyggst takast á við vandamál sem er vaxandi í umferðarmálum borgarinnar. Bent er á samkomulag við önnur sveitarfélög, Vegagerð o.s.frv. Ábyrgðinni er vísað annað eins og í fleiri málum hjá meirihlutanum í borgarstjórn.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Svar við fyrirspurn sjálfstæðismanna um hvernig áætlað er að takast á við vaxandi umferðarpunga.

Meirihluti Pírata, Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna vinnur að þróun samgangna í samræmi við samþykktu stefnumörkun Reykjavíkurborgar, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og ríkisins ásamt tengdum samkomulögum þessara aðila.

Ítarlegar upplýsingar um hvernig borgin stefnir á að takast á við sívaxandi umferðarpunga á götum Reykjavíkur er að finna í eftirfarandi áætlunum:

" Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, samþykkt í aðildarsveitarfélögum SSH árið 2015.

" Samgönguáætlun 2011-2022, samþykkt á Alþingi árið 2012.

" Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt í borgarstjórn árið 2013.

Til viðbótar þessum áætlunum eru í gildi eftirfarandi samningar sem Reykjavíkurborg ásamt öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er aðili að:

" Samkomulag aðildarsveitarfélaga SSH um næstu skref við undirbúning að innleiðingu Borgarlínunnar sem samþykkt var í árslok 2016.

" Samkomulag SSH og Vegagerðarinnar um samstarf í þróun samgöngukerfa sem samþykkt var í apríl 2015. Samkomulagið snýr að þróun stofnvegakerfisins, þróun stofnleiða hjólreiða, þróun almenningsamgangna og sjálfbæra samgönguáætlun á höfuðborgarsvæðinu.

" Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um 10 ára tilraunaverkefni um eflingu almenningsamgangna sem samþykkt var 2012 samhliða afgreiðslu samgönguáætlunar ríkisins 2011-2012.